

Eftir atvikum þykir hæfilegt, að stefnandi greiði réttargæzlustefndu í ómaksbætur 200 kr. til hvors og stefnda 500 kr. upp í málskostnað.

Dómsorð:

Lögbann það, sem var í fógetarétti Árnessýslu hinn 5. júlí 1951 samkvæmt kröfu stefnanda, Einars Sigurðssonar, lagt við veiði af hálfu stefnda, Páls Árnasonar, í Austurkotslátri er úr gildi fellt.

Eigendur hins óskipta hluta Austurkotseyjar eiga alla lax- og silungsveiði í Hvítá fyrir þeim hluta eyjarinnar — þar á meðal í Austurkotslátri — í sama hlutfalli og sjálft land eyjarinnar. Eigendur Litlu-Reykja, Stóru-Reykja og Lauga eiga ekki veiðirétt fyrir landi Austurkots sunnan Hvítár.

Stefnandi greiði réttargæzlustefndu, Gísla Jónssyni og Guðrúnu Bjarnadóttur, í ómaksbætur, 200 kr. til hvors, og stefnda, Páli Árnasyni, 500 kr. upp í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. maí 1953.

Nr. 49/1953. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Birgi Sigurbjartssyni (Gunnar E. Benediktsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Líkamsárás. Ölvun við akstur o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms.

Ákærða verður ekki dæmd refsing samkvæmt 231. gr. laga nr. 19/1940, þegar af þeirri ástæðu, að krafa hefur ekki komið fram um ákæru eftir þeirri lagagrein, sbr. a-lið 2. töluliðs 242. gr. laga nr. 19/1940. Þá þykja eigi efni til að refsa ákærða fyrir brot gegn 17. og 18. gr. laga nr. 33/1935, 12. gr. reglugerðar nr. 126/1945 né 1., 3., 7. og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Atferli ákærða varðar við önnur ákvæði laga, sem héraðsdómari hefur fært það til, svo og við 2. mgr. 26. gr., sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðs-dóminn.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Sigurbjartsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Ragnars Jónssonar og Gunnars E. Benediktssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. janúar 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 13. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómsara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4465/1952: Ákærvaldið gegn Birgi Sigurbjartssyni, sem tekið var til dóms 18. f. m., en framhaldsrannsókn fór fram í málinu 6. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 31. október f. á., er ákærði, Birgir Sigurgjartsson vélvirki, Garðastræti 40, hér í bæ, ákærður fyrir innbrotsþjófnað samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19, 12. febrúar 1940, 244. gr. Þykir ákærði hafa brotið nefnt lagaákvæði, með því að brjótast inn í verzlunina „Goðaborg“, Freyjugötu 1, hér í bæ, aðfaranótt 2. febrúar og stela þaðan belgiskum riffli nr. 12377.

Þá er ákærði með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 31. júlí f. á., ákærður fyrir líkamsárás, bílþjófnað, ölvun við akstur, óspektir o. fl. samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19 1940, 218. gr., 231. gr., 259. gr. 1. mgr. og 259. gr. 1. mgr., sbr. 20. gr. 1. mgr., bifreiðalögum nr. 23 1941, 23. gr. 1. mgr., 26. gr. 2. mgr., 27. gr. 1. mgr., sbr. 38. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 6 1951, umferðalögum nr. 24 1941, 2. gr., 4. gr. 2. mgr. og 3. mgr., sbr. 14. gr., áfengislögum nr. 33 1935, 17. gr. 1. mgr., 18. gr. og 21. gr. 1. mgr., sbr. 37. gr., 38. gr. og 39. gr., reglugerð nr. 126 7. ágúst 1945, 12., sbr. 18. gr. og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930, 1. gr., 3. gr., 7. gr. 46. gr., sbr. 96. gr. Þykir ákærði hafa brotið nefnd ákvæði,

með því að fara á dansleik í Sjálfstæðishúsinu þriðjudagskvöld 13. maí s. l. með um ½ flösku af áfengi, er þeir áttu í félagi hann og Einar Sigurbjartur Jónsson, og neyta þess þar, síðan að loknum dansleik kl.

rúmlega 01.00 að vera áberandi ölvaður og með óspektir í Bankastræti, er hann lenti í sviptingum við mann, er hann kannaðist við, Birgi að nafni, fara svo að sænska frystihúsinu og í heimildarleysi inn í vélasal hússins og ráðast þar á Þórarinn Breiðfjörð Pétursson vélgæzlumann og slá hann 2 högg í höfuðið með rörbút með þeim afleiðingum, að Þórarinn höfuðkúpbrotnaði og fékk 4 skurði á höfuðið, fara síðan út úr húsinu og lenda í áflogum rétt á eftir nálægt húsi Áfengisverzlunar ríkisins, Nýborg við Sölvhólsgötu, fara síðan inn í Landssímaportið við sömu götu og gera tilraun til að stela þaðan bílnum R 3822, en er það ekki tókst, að stela þá bílnum R 3869, er þar var einnig, og aka honum ölvaður allt of hratt og ógætilega út úr bænum og upp að Þyrli á Hvalfjarðarströnd og aka þar út af veginum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna, sviptingar öku leyfis samkvæmt 21. gr. 1. mgr. laga nr. 33, 1935, 39. gr. laga nr. 23, 1941 og 68. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. apríl 1931 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum.

1947, 3/11. Reykjavík. Sátt 50 kr. sekt fyrir rangstefnuakstur.

1951, 17/9. — — — 75 — — — brot á 18. gr. áfengislaga

1952, 19/1. — — — 100 — — — brot á 18. gr. áfengislaga

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðru því, sem upplýst er í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Aðfaranótt laugardagsins 2. febrúar f. á. vaknaði vitnið Elín Elísabet Júlíusdóttir, Freyjugötu 1, hér í bæ, við brothljóð, þar sem það svaf í herbergi sínu á þriðju hæð í greindu húsi. Vitnið fór út á svalir á hæðinni til að athuga, hvað væri á seiði. Sá vitnið þá mann bak við húsið og hafði hann farið með hendina inn um brotinn glugga í verzluninni „Goðaborg“ í húsinu. Vitnið kallaði til mannsins, hvað hann væri að gera þarna. Maðurinn gerði þá hreyfingu, sem líktist því að hann miðaði byssu á vitnið, en byssu sá vitnið ekki. Beygði vitnið sig þá niður á svölunum og fór til Nils Peter Carlo Jørgensen kaupmanns, eiganda fyrrgreindrar verzlunar, en hann bjó í húsinu, vakti hann og hringdi á lögregluna. Á meðan heyrði vitnið annað brothljóð.

Klukkan var 4 um nóttina, þegar hringt var til lögreglunnar, og komu lögreglumenn rétt á eftir á vettvang. Við athugun kom í ljós, að rúður voru brotnar í aðaldyrum og bakglugga verzlunarinnar „Goðaborgar“. Útvarpstæki hafði fallið þar af hillu og í gólfíð. Úr verzluninni var horfinn belgiskur riffill nr. 12377, en skilinn eftir annar riffill og var hann hlaðinn.

Vitnið Gunnar Helgi Einarsson verkamaður, Freyjugötu 25 C, hér í bæ, hefur borið það, að á fjórða tímanum umrædda nótt hafi ákærði

vakið það á heimili þess. Ákærði var nokkuð undir áhrifum áfengis og var hann með hlaðinn riffil ásamt „magasíni“. Erindi ákærða var að spyrja eftir Jörgensen, eiganda „Goðaborgar“, en hann hafði búið um skeið á Freyjugötu 25 C. Vitnið sagði ákærða, að Jörgensen væri þar ekki lengur. Það ákærði vitnið þá um að hjálpa sér um lykil að verzluninni „Goðaborg“ og kvaðst hann þurfa að halda á 17 skota riffli og fleiri skotum. Skildist vitninu á ákærða, að hann vildi fá þennan riffil hjá Jörgensen eða komast ella inn í „Goðaborg“, til að ná á þann hátt í riffilinn. Ákærði fór svo von bráðar burt frá vitninu og minnir það, að klukkuna hafi þá vantað 10 mínútur í fjögur.

Ákærði hefur borið það, að þessa nótt hafi hann verið á dansleik í Breiðfirðingabúð og neytt þar mikils áfengis. Að dansleiknum loknum varð hann viðskila við kunningja sinn, sem hafði verið með. Ákærði var svo ölvaður, að hann hætti að muna, hvað gerðist. Seinast mundi hann eftir sér, þegar hann var einn síns liðs á leið heim til sín. Næst mundi hann eftir sér, þegar hann var staddur inni í Sogamýri og var þá gangandi með ókunnan riffil í hendinni. Fleygði hann rifflinum út fyrir veginn og gekk niður í miðbæ og var þá kominn morgunn.

Ákærði hefur ekki rengt framburð vitnanna Elínar Elísabetar Júlíusdóttur og Gunnars Helga Einarssonar og að hann hafi farið umrædda nótt inn í verzlunina „Goðaborg“ og slegið þar eign sinni á riffil. Kveður hann að það geti verið rétt, en að hann muni þá ekki eftir því sakir ölvunar sinnar. Þá hefur hann viðurkennt að hafa átt riffilinn, sem skilinn var eftir í „Goðaborg“ umrædda nótt, og saknaði hann riffilsins úr herbergi sínu næsta dag. Ennfremur kveðst ákærði hafa oft komið á Freyjugötu 25 C, þegar Jörgensen, eigandi „Goðaborgar“, átti þar heima og vann ákærði um nokkurn tíma árið 1951 í verzluninni.

Samkvæmt framburðum fyrirtaldra vitna svo og framburði ákærða sjálfs og öðru því, sem upplýst er í málinu, verður að telja að næg sönnun sé fengin fyrir því, að ákærði hafi slegið eign sinni á hinn belgíska riffil í verzluninni „Goðaborg“ umrædda nótt. Hefur ákærði með því gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

II.

Um kvöldið þriðjudaginn 13. maí f. á. hitti ákærði kunningja sinn, að nafni Einar Sigurbjart Jónsson, hér í bænum. Einar Sigurbjartur átti eina „gin“-flösku og drukku þeir úr hálfri flöskunni, en síðan fóru þeir ásamt manni einum og unnustu hans kl. tæplega 20.30 á skemmtun í Sjálfstæðishúsinu. Fann ákærði þá til áfengisáhrifa. Einar Sigurbjartur kveður, að ákærði hafi haldið á „gin“-flöskunni inn í húsið, en ákærði man ekki fyrir vist, hvor þeirra gerði það, en minnir frekar að það hafi verið Einar Sigurbjartur. Drukku þeir tveir síðan áfengi það, sem var í flöskunni, inni á skemtuninni, og varð ákærði ölvaður. Hann drakk enn til viðbótar tvo einfalda ákavítis-„sjússa“, líklega laust fyrir mið-nætti.

Ákærði var orðinn viðskila við félaga sína, þegar skemmtunin var útl. Fór hann þaðan einn og var ekki ákveðinn, hvert halda skyldi. Hann var ennþá allmikið ölvaður. Hann gekk fyrst upp í Bankastræti og hitti þar einhvern mann og lenti í einhverjum sviptingum milli þeirra. Hann gekk þvínæst niður Bankastræti, norður Lækjartorg og norður Kalkofnsveg. Hann gekk fram hjá sænska frystihúsinu og sá að á því húsi voru opnar dyr út í port þess við Geirsgötu. Hann fór inn í portið og inn um dyrnar og var þá kominn inn í stóran vélasal. Ljós voru kveikt í salnum og hafði hann séð að svo var, áður en hann fór þangað inn. Ákærði kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvers vegna hann fór inn í húsið, en hefur staðfastlega neitað því, að það hafi verið í þeim tilgangi að slá eign sinni á verðmæti, sem hann kynni að finna. Hefur hann skýrt frá því, að hann hafi ekki viljað koma heim til sin eins ölvaður og hann var og viljað láta „renna af sér“, áður en hann færi heim. Ákærði fór nú upp á loft í vélasalnum. Gekkk hann upp marga stiga og voru pallar á milli þeirra. Á þöllum voru rörbútar og annað drasl. Kveður ákærði, að það geti verið rétt, að hann hafi rekið fótinn í einhver rör og þau fallið þá niður á gólf.

Þórarinn Breiðfjörð Pétursson vélgæzlumaður, Grettisgötu 40 B, hér í bæ, var á vakt í frystihúsinu þessa nótt. Kl. 2 um nóttina hafði hann farið niður í dælujallara til að líta eftir dælunum og skilið þá eftir opnar dyrnar úr vélasalnum út í portið. Hann fór því næst inn í herbergi í vélasalnum og fékk sér mjólk að drekka. Hann hafði verið þar litla stund, þegar hann sá járn detta tvisvar sinnum með stuttu milli-bili í vélasalnum og heyrðist honum hljóðið koma úr salnum að ofan í seinna skiptið. Gekkk hann þá upp stiga í vélasalnum og upp á pall og sá þá mann, sem reyndist vera ákærði, á næsta palli þar fyrir ofan. Þórarinn Breiðfjörð sagði þá upphátt: „Hvað ert þú að gera þarna?“ Ákærði svaraði engu og gekk þá niður stiga og niður á annan pall. Allt í einu sá hann, hvar Þórarinn Breiðfjörð kom upp stigann, sem lá upp á þann pall, sem hann stóð á. Kveðst þá ákærði hafa orðið skelkaður og greip sitt með hvorri hendi tvö járnstykki eða járnör, sem þarna voru á pallinum. Þegar svo Þórarinn Breiðfjörð var að komast upp á pallinn, sló ákærði hann ofan á höfuðið með járnstyrkinu, sem hann hafði í hægri hendi. Hann getur ekki sagt um, hvernig hann hélt þá á járnstyrkinu. Hann gerði sér heldur ekki grein fyrir því, hvaða afleiðingar gætu hlotizt af verknaði hans. Hann kveður að ásetningur sinn að hitta Þórarinn Breiðfjörð í höfuðið með járnörinu hafi orðið til, þegar hann hélt, að hann (Þ. B.) myndi gripa í hann, en ákærði stóð framarlega á pallbrúninni og var hræddur um, að hann gæti dottið fram af pallinum, ef í hann yrði gripið. Þórarinn Breiðfjörð hefur borið, að ákærði hafi slegið hann alveg viðstöðulaust með báðum járnörunum, sitt höggið með hvorri hendi. Ákærði hefur ekki véfengt þetta, en man þó ekki sérstaklega eftir vinstrihandar höggi. Þórarinn Breiðfjörð fékk svima, en missti ekki meðvitund og komst upp á pallinn. Rann þá eins og mók á hann, en síðan náði hann sambandi við mann, sem var við

isframleiðslu í húsinu, og tilkynnti atburðinn símleiðis á lögreglustöðina.

Ákærði hélt, að Þórarinn Breiðfjörð hefði fallið við, þegar hann fékk höggið og kastaði járnöröinu frá sér. Síðan flýtti hann sér að komast út úr húsinu og braut glugga og komst út um hann út í Ingólfsstræti. Hann fylgdist ekkert með Þórarni Breiðfjörð, hvort hann lá eða hafði staðið upp, hvort hann var mikið særður eða ekki, en ekkert hljóð heyrðist frá honum.

Ákærði fór svo inn í port eitt hjá Áfengisverzlun ríkisins í Nýborg og lenti þar í sviptingum við einhvern mann, sem þar var, og fór ákærði þá úr jakkanum. Því næst fór hann upp á Hverfisgötu, en þaðan aftur inn í portið til að sækja jakka sinn. Þaðan hélt hann inn í port Landssímans við hliðina á. Þar voru bifreiðar. Hann gekk að einni bifreiðinni, R 3822, sem var ólæst, og reyndi að setja vél hennar í gang. Sleit hann rafmagnsþræði frá kveikjúlási bifreiðarinnar og reyndi að tengja þræðina saman og setja þannig vél bifreiðarinnar í gang, en tókst það ekki. Gekk hann þá að sendiferðabifreiðinni R 3869, sem þarna var einnig í portinu. Bifreiðin var ólæst og kveikjúláslykillinn í kveikjúlásnum. Ákærði setti vél bifreiðarinnar í gang og ók henni af stað áleiðis upp í Hvalfjörð. Fann hann til áfengisáhrifa við aksturinn. Bifreiðinni ók hann nokkuð greitt, þó ekki yfir 50 km, miðað við klukkustund, að því er hann hefur haldið. Á leiðinni losnaði vélarhlíf bifreiðarinnar og fór af henni, en ákærði skeytti ekki um það. Hann nam staðar hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd, sneri bifreiðinni þar við og hélt áleiðis til bæjarins. Skammt frá Þyrli fór bifreiðin út af veginum. Atvikaðist það þannig, að það drapst á vél bifreiðarinnar ofarlega í brekku einni, en í sama mund blindaðist ákærði af morgunsól, sem skein beint í andlit hans. Rann bifreiðin svolítið aftur á bak og fór annað afturhjól hennar út af veginum. Stöðvaðist hún á vegarkantinum og þorði ákærði ekki að hreyfa bifreiðina af ótta við, að hún færi þá á hliðina. Hann fékk síðan að sitja á bifreið, sem bar að skömmu síðar, til bæjarins og kom þangað um kl. 10 um morguninn. Hann var þá jakkalaus, því að hann hafði skilið jakka sinn eftir í bifreið í porti Landssímans. Fór ákærði rakleitt á fund rannsóknarlögreglunnar til að vitja um jakkann, en var þá strax handtekinn. Játtaði hann þá strax brot sitt.

Þórarinn Breiðfjörð fór á þriðju klukkustund greinda nótt heim til Ole Andreason, sem vann þá við vélgæzlustörf í sænska frystihúsinu, og bað hann um að gegna starfi fyrir sig. Ole varð við því og þegar hann kom inn í vélasal frystihússins, sá hann hvar járnstykki var þar í gluggakistu, en 2 rúður í glugganum voru brotnar. Járnstykkið átti alls ekki að vera þarna, en hins vegar voru mörg slík járnstykki á palli í vélasalnum. Andreason afhenti lögreglunni járnstykkið.

Þórarni Breiðfjörð og ákærða hefur verið sýnt járnstykki þetta. Kveður Þórarinn Breiðfjörð, að það sé alveg eins og járnstykki eða járnbútar þeir, sem ákærði sló hann með. Slík járnstykki hafi verið geymd nokkru ofar í vélasalnum en þar sem hann var sleginn.

Ákærði hefur ekki rengt, að þetta sé járnstykki eða járnör það, sem hann sló Þórarinn Breiðfjörð með í höfuðið.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar hefur athugað umrætt járnstykki. Það er „T“-lagað og samanstendur af tveimur misvíðum rörum. Annað rörið er 10 cm að vídd, 13 cm að lengd, 7 mm að þykkt. Hitt rörið kemur þvert út úr miðju hins fyrrnefnda og er 6,6 cm að vídd, 2,6 cm að lengd og 4 mm að þykkt. Járnstykkið er 1800 gr að þyngd og talsvert mikið ryðbrunnið.

Þórarinn Breiðfjörð kom á Landsspítalann laust fyrir kl. 3,50 um nóttina vegna meiðsla, sem hann hafði hlotið við árásina. Grímur Jónsson, cand. med. á Landsspítalanum, hefur lýst meiðslum Þórarins Breiðfjörðs, eins og þau voru þá, í vottorði, dags. 27. maí 1952, á þessa leið:

„Sjúkl. var með rænu, en talsv. enforiskur. Á höfði voru 4 skurðir. Einn framan til á enni og þrír í hvirflinum. Í botni eins þeirra var sprunga í beinið og í henni hártoppur, sem allerfitt var að losa. Hin sárin voru grynri, en allmikið blæddi úr þeim.

Diagnosis spítalans, fract. cranii compl.“

Grímur Jónsson segir í öðru vottorði, dags. 9. júní 1952, um Þórarinn Breiðfjörð á þessa leið:

„Lá á IV. d. Lspt. frá 14/5—21/5 1952 vegna meiðsla á höfði og kúpu-brots; kom á deildina kl. 3/50 um nótt. Var með fjóra skurði á höfði. Sá lengsti á enni (gagnauga) ca. 4 cm og þrjá í hársverðinum nálægt hvirfli, ca. 3 cm hver. Í botni eins skurðarins var sprunga í beinið og hártoppur klemmdur fastur niður í.

Diagn. fract. cranii.“

Þá hefur Úlfur Ragnarsson, cand. med. á Landsspítalanum, athugað Þórarinn Breiðfjörð og segir í vottorði sínu, dags. 26. júní 1952, á þessa leið:

„Ég hef í dag athugað Þórarinn Pétursson, Grettisgötu 40 B, sem varð fyrir árás 14/5 1952. (Grímur Jónsson, sem skoðaði hann þá, er fjarv. um stundarsakir vegna sumarleyfis). Sárin eru vel gróin og ekkert sérstakt athugavert objectívt. Hins vegar segist hann fá höfuðverk, sem hann hafði ekki áður en slysið vildi til. Slíkt er algeng afleiðing, sem ekki verður sagt um, hvenær hverfur.“

Dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir hefur rannsakað geðheilbrigði og sakhæfi ákærða og í álitinu sínu, dags. 12. júlí 1952, kemst hann að þessari niðurstöðu:

„Hann (þ. e. ákærði) er hvorki fáviti, geðveill né geðveikur. Hann hefur verið ölvaður, er hann framdi afbrot sín, og dómgreind hans og vitund sljófguð fyrir þá sök.“

Ákærði hefur bifreiðastjóraréttindi.

Bifreiðarnar R 3822 og R 3869 eru í eign Landssíma Íslands. Hefur þess verið krafizt af hálfu hans, að ákærði sæti refsingu fyrir atferli sitt.

III.

Ákærði hefur með atferli sínu, sem greint er frá í I hér að framan, gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en í ákæruskjali, dags. 31. október f. á., er ekki minnst á áfengislög nr. 23 9. janúar 1935 og kemur því ekki til álita, hvort ákærði hefur brotið þau lög.

Þá hefur ákærði með atferli sínu, sem lýst er í II hér að framan, brotið gegn 218. gr., 231. gr., 1. mgr. og 259. gr. 1. mgr., sbr. 20. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, 23. gr. 1. mgr. og 27. gr. 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6 29. janúar 1951, 2. gr. og 4. gr. 2. mgr. og 3. mgr., sbr. 14. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941, 17. gr. 1. mgr., 18. gr. og 21. gr. 1. mgr., sbr. 37. gr. 1. mgr., 38. gr. og 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 3. gr. og 7. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Hins vegar þykja ekki nægar sannanir vera fram komnar í málinu fyrir því, að ákærði hafi flutt áfengi inn á veitingastað, gerzt sekur um óspektir á almannafæri og ekið bifreið með refsiverðum hraða og verður hann því ekki talinn hafa brotið 12. gr., sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 126 7. ágúst 1945, 26. gr. 2. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 1. gr. og 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. hegningarlaganna og með sérstöku tilliti til hinnar hættulegu aðferðar ákærða við líkamsárásina á Þórarinn Breiðfjörð hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 4. febrúar til 12. febrúar 1952 og frá 14. maí til 15. júlí 1952. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi gæzluvarðhaldsvist hans að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 39. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna, 21. gr. 1. mgr. áfengislaganna og 68. gr. 1. mgr. hegningarlaganna að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum ævilangt.

Þessar bótakröfur hafa verið gerðar í málinu á hendur ákærða:

Nils Peter Carlo Jørgensen hefur krafizt þess, að hann greiði honum kr. 500.00 í bætur vegna ríffilsins, sem hann tók, sbr. I hér að framan.

Þórarinn Breiðfjörð Pétursson hefur krafizt þess, að hann greiði honum kr. 5000.00 í miskabætur vegna árásarinnar, sbr. II hér að framan.

Af hálfu Landssíma Íslands hefur þess verið krafizt, að ákærði greiddi honum kr. 1087.97 vegna töku hans og skemmda á bifreiðinni R 3869 og kr. 212.83 vegna skemmda á bifreiðinni R 3822 eða samtals kr. 1300.80.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfur þessar og verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í málinu, Ragnars Jónssonar hrl., og skipaðs

verjanda síns í málinu, Gunnars E. Benediktssonar hrl., kr. 900.00 til hvors.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Sigurbjartsson, sæti fangelsi í 2 ár. Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 4. febrúar 1952 til 12. febrúar 1952 og frá 14. maí 1952 til 15. júlí 1952 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði er sviptur bifreiðastjóraréttindum ævilangt.

Ákærði greiði Nils Peter Carlo Jørgensen kr. 500.00, Þórarni Breiðfjörð Péturssyni kr. 5000.00 og Landssíma Íslands kr. 1300.80.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í málinu, Ragnars Jónssonar hrl., og skipaðs verjanda ákærða í málinu, Gunnars E. Benediktssonar hrl., kr. 900.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. maí 1953.

Nr .125/1952. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Albert Stanley Victor Jones (Lárus Fjeldsted).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir upp sögu héraðsdóms framkvæmt athugun á staðarákvörðunum yfirmanna varðskipsins og samkvæmt mælingum þeirra markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem sett var út við kjölfar togarans, svo og stað togarans, þar sem hann lagðist við akkeri. Eru niðurstöður skólastjórans þær, að staður duflsins sé um 1.1 sm og staður togarans um 0.2 sm. innan landhelgis-